

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1985

7. nóvember 1985

769

Nr. 397

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaðahrepps 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. nóvember 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Egilsstaðahrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Egilsstaða og Skipulagsstjórn ríkisins.

Uppdráttur þessi kemur í stað aðalskipulagsuppdráttar Egilsstaðahrepps er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 20. september 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1985.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.

6. nóvember 1985

Nr. 398

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

1. málsgrein greinar 1. 2. 5. l. orðist svo:

Þegar ákvæðum VII kafla er fullnægt, gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 395, 9. október 1985.

Samgönguráðuneytið, 6. nóvember 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

B 86